

12.01.2023



## Meiri vörusala og hærri rekstrarhagnaður Ölgerðarinnar á þriðja ársfjórðungi

- Vörusala samstæðu Ölgerðarinnar var 17,5% hærri á þriðja ársfjórðungi 2022 en á sama tímabili 2021
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) hækkaði um 304 milljónir kr. milli tímabila og jókst um 35%
- 25% magnaukning á bjórsölu til hótela og veitingastaða
- 16% magnaukning í áfengissölu hjá ÁTVR
- Rekstrarhagnaður fyrstu 9 mánuði ársins 3.674 mkr og jókst um 32%

Árshlutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir tímabilið 1. mars 2022 – 30. nóvember 2022 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum 12. janúar 2023.

Helstu niðurstöður árshlutareiknings fyrir þriðja ársfjórðung 2022 (Q3 2022) eru:

- EBITDA nam 1.168 millj. kr. samanborið við 863 millj. kr. á Q3 2021, sem jafngildir 35% hækkun milli ára.
- Eigið fé í lok Q3 2022 nam 9,4 ma. kr. og eiginfjárlutfall 36,3% samanborið við 31,5% við lok síðasta fjárhagsárs.
- Nettó vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingu voru 7.431 millj. kr. í lok Q3 2022 samanborið við 8.366 millj. kr. í lok árs 2021.
- Hagnaður eftir skatta var 574 millj. kr. á Q3 og jókst um 14,2%.

Samkvæmt uppgjöri þriðja ársfjórðungs jókst rekstrarhagnaður fyrirtækisins fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) um 304 milljónir króna frá sama tímabili árið 2021. Rekstrarhagnaðurinn var 1.168 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi 2022 en var 863 milljónir króna á sama tímabili árið 2021. Hagnaður eftir skatta á tímabilinu var 574 milljón króna og jókst um 71 milljónir króna milli ára. Eigið fé Ölgerðarinnar var 9,4 milljarðar króna og eiginfjárlutfall 36%. Þá lækkuðu vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé um 934 milljónir króna á tímabilinu.

Lykiltölur (mkr.)

Rekstrarreikningur Q3 2022	Q3 2022	Q3 2021	Breyt.	% Breyt
Vörusala	9.859	8.393	1.466	17%
Áfengis- og skilagjald	2.622	2.218	403	18%
Vörunotkun	3.826	3.268	559	17%
Annar framleiðslukostnaður	144	221	-77	-35%
Framlegð	3.267	2.686	581	22%
Aðrar tekjur	9	10	-1	-8%
Laun og launatengd gjöld	1.130	969	161	17%
Sölu- og markaðskostnaður	466	412	54	13%
Annar kostnaður	513	452	61	14%
EBITDA	1.168	863	305	35%
Afskriftir	219	220	-1	-1%
EBIT	949	642	306	48%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	248	30	218	724%
Hagnaður fyrir skatta	700	612	88	14%
Tekjuskattur	126	109	17	15%
Hagnaður e skatta	574	503	71	14%

Fyrstu 9 mánuði fjárhagsársins nam veltuaukning 5,1 ma.kr. eða sem nemur 20,8% og EBITDA hækkaði um 882 mkr eða 31,6%. Um 40% af veltuaukningu má rekja til sölu á hótélum og veitingastöðum. Jafnframt er Ölgerðin að styrkja stöðu sína á öðrum lykilmörkuðum svo sem í verslunum ÁTVR og á skyndibitamarkaði. Þá hefur sala á snyrtivörum verið góð. Fjölgun erlendra ferðamanna til Íslands hefur haft jákvæð áhrif á eftirspurn eftir vörum Ölgerðarinnar og gætir áhrifa þeirra víða.

Reksturinn í desember 2022 var í samræmi við væntingar stjórnenda og jókst vörusala um 16%.

Rekstrarreikningur 9M 2022	9M 2022	9M 2021	Breyt.	% Breyt
Vörusala	29.531	24.447	5.085	21%
Áfengis- og skilagjald	7.974	6.929	1.044	15%
Vörunotkun	11.124	9.022	2.102	23%
Annar framleiðslukostnaður	590	599	-9	-2%
Framlegð	9.844	7.896	1.948	25%
Aðrar tekjur	26	32	-6	-19%
Laun og launatengd gjöld	3.171	2.697	474	18%
Sölu- og markaðskostnaður	1.516	1.259	257	20%
Annar kostnaður	1.508	1.179	329	28%
EBITDA	3.674	2.792	882	32%
Afskriftir	645	651	-7	-1%
EBIT	3.030	2.141	889	41%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	570	247	323	131%
Hagnaður fyrir skatta	2.460	1.895	565	30%
Tekjuskattur	478	372	105	28%
Hagnaður e skatta	1.982	1.522	460	30%

Efnahagsreikningur	30.11.2022	28.2.2022	Breyt.	% Breyt
Eignir	25.905	23.553	2.352	10%
Eigið fé	9.409	7.418	1.991	27%
Eiginfjárlutfall	36,3%	31,5%	3,8	
Vaxtaberandi skuldir og leigusk.	8.615	9.025	-410	-5%
Handbært fé	1.183	659	524	80%
Nettó vaxtaberandi skuldir og leigusk.	7.431	8.366	-934	-11%
EBITDA sl. 12 mán	4.161	3.279	882	27%
NIDB/EBITDA sl. 12 mán	1,8	2,6	-0,8	

Afkoman á fyrstu níu mánuðum fjárhagsársins var í takt við birtar áætlanir. Stjórnendur Ölgerðarinnar gera ráð fyrir að EBITDA fjárhagsársins verði í efri enda áður útgefinnar afkomuspár en möguleg verkföll á vinnumarkaði geta haft neikvæð áhrif. Áður útgefin afkomuspá gerði ráð fyrir að EBITDA lægi á bilinu 4,1 – 4,4 ma. kr.

„Það er ánægjulegt að sjá áframhaldandi þróun í vexti Ölgerðarinnar á árinu og góðar viðtökur viðskiptavina okkar við vörum okkar og nýsköpun. Starfsfólk Ölgerðarinnar hefur lagt hart að sér að leita leiða til hagræðingar í rekstri samhliða aukinni framleiðslu og þess njóta viðskiptavinir og neytendur þar sem verð um áramót hækka talsvert minna en verðlag síðasta árs” segir **Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.**

Upplýsingar veita Andri Þór Guðmundsson, forstjóri, í síma 665-8010 og Jón Þorsteinn Oddleifsson, fjármálastjóri í síma 820-6491.

Nánari útlístin:

## Vörusala

Velta Ölgerðarinnar jókst um 5 milljarða króna fyrstu 9 mánuði ársins 2022 eða 21% miðað við sama tímabil árið 2021. Magnaukning framleiðsluvöru er um 10% í líturum talið en áframhald er á tilfærslu í minni skammtastærðir og var aukning í dósafjölda um 15%.

Sala á jólabjór gekk vel og hefur hlutdeild og lítrasala Tuborg jólabjór vaxið jafnt og þétt undanfarin ár.

Ekkert lát er á tilkynningum frá erlendum birgjum um verðhækkanir - sumar verulegar. Ölgerðin krefst rökstuðnings fyrir hverri hækkun og gerir ekki verðbreytingar nema þær standist skoðun. Því miður sést ekki fyrir endann á þessari hækkunarhrinu þrátt fyrir að hrávöruverð sé í einstaka tilfellum farið að lækka frá hæsta punkti.

## Laun- og launatengd gjöld

Laun- og launatengd gjöld námu 3.171 mkr á fyrstu 9 mánuði ársins og hækkuðu um 474 mkr milli ára. Launahlutfallið á tímabilinu var 10,7% samanborið 11,0% á sama tímabili árið áður. Í árshlutareikningnum er gert ráð fyrir launahækkunum frá 1. nóvember 2022 í samræmi við þá kjarasamninga sem voru undirritaðir í desember og jafnframt gert ráð fyrir að umsamdar launabreytingar verði fordæmisgefandi fyrir þá samninga sem ekki er búið að ná saman um.

Meðal stöðugildi á tímabilinu voru 378 og fjölgaði um 29 milli ára. 12 mánaða velta pr. stöðugildi hækkar áfram og var 100 mkr í lok nóvember 2022.

## Rekstrargjöld

Rekstrargjöld námu 3.024 mkr á fyrstu 9 mánuðum ársins og hækkuðu um 586 mkr milli ára. Kostnaðarhlutfallið á tímabilinu var 10,2% samanborið við 10,0% árið áður. EBITDA hlutfall á tímabilinu var 12,4% samanborið við 11,4% árið áður.

## Hlutdeildarfélög

Rekstur Iceland Spring ehf heldur áfram að ganga vel og á þessum ársfjórðungi skilar félagið jákvæðum hlutdeildartekjum til Ölgerðarinnar. Framleiðsla ársins 2022 jókst um tæp 40% frá árinu áður. Ölgerðin jók hlut sinni í Iceland Spring í 40% í tengslum við endurskipulagningu félagsins árið 2020. Frá endurskipulagningunni hefur aðeins 30% hlutur verið færður í bækur Ölgerðarinnar vegna breytanlegs skuldabréfs sem aðrir hlutahafar eiga.

## Gengisáhrif


Neikvæð gengisáhrif voru 73 mkr á tímabilinu, þar af 51 mkr á Q3 2022. Gengisáhrifin eru vegna hækkunar viðskiptaskulda í erlendum myntum. Stærsti hluti viðskiptaskulda samstæðunnar er í EUR sem hækkaði um 3,8% á móti ISK á Q3 2022. Gengisáhrifin eru færð meðal fjármagnsliða.

## Fjárfestingar

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum stendur eftir 9 mánuði í 930 mkr. á móti 1.295 mkr. á sama tímabili í fyrra. Fjárfestingaáætlun ársins í heild var 1.680 mkr en fjárfestingar ársins verða nokkuð undir þeirri fjárhæð.

Sértæka fjárfestingaverkefnið sem lagt var af stað með árið 2020 gerði ráð fyrir 2.500 mkr. fjárfestingu í þremur liðum: 1. Nýbyggingu við Grjótháls 2. Nýrri framleiðslulínu fyrir dósir 3. Uppfærslu á eldri gler- og dósaframleiðslusal. Fyrstu tveimur liðum verkefnisins lauk á þessum ársfjórðungi.

Útfærsla á endurbótum á eldri gler- og dósasal er í endurskoðun í ljósi ytri aðstæðna auk þess sem innri forsendur hafa breyst í ljósi reynslu reksturs nýju framleiðslulínunnar.



Allar tölur í m.kr.

## Fjármögnun

Í lok nóvember var gengið frá samkomulagi við lánveitanda Ölgerðarinnar um endurfjármögnun og kjarabreytingu á skuldum samstæðunnar. Meðal þeirra breytinga sem gerðar voru á lánsfjármögnuninni var lenging á lokagjaldþaga rekstrarlána til ársins 2027 og lækkun vaxtakjara allra lána. Breyting á vaxtakjörum tók annars vegar gildi í lok nóvember og hins vegar í desember. Eftir breytinguna og síðustu vaxtahækkun Seðlabankans eru vegin vaxtakjör lána samstæðunnar 8,25%. Lánin eru óverðtryggð á breytilegum vöxtum. Skuldir félagsins að frádregnu handbæru fé voru 7,3 ma kr í lok nóvember og halda áfram að lækka. Þann 30. nóvember voru nettó vaxtaberandi skuldir 1,8 x EBITDA sl. 12 mánaða.

## Endurálagning aðflutningsgjalda

Þann 9. desember 2022 úrskurðaði tollgæsla Skattsins endurálagningu aðflutningsgjalda vegna vörutegundar sem Ölgerðin hefur flutt inn í mörg ár. Þetta er í samræmi við áformaða

endurálagningu sem var greint frá í síðasta árshlutareikningi. Niðurstaðan leiðir til þess að hagnaður fyrir skatta á tímabilinu er 60 mkr lægri en annars hefði verið. Heildaráhrif á eigið fé samstæðunnar eru 292 mkr.

Ölgerðin hefur í kjölfar úrskurðarins fengið bindandi álit frá Skattinum varðandi hliðstæðar vörur. Þau álit eru í samræmi við tollflokkun Ölgerðarinnar.